

Þessar leiðbeiningar lýsa sýnatökum úr litlum fuglahópum (færri en 100 fuglum), þegar ekki er hægt að taka sýni með sýnatökuyfirhlífum.

Það er valkostur hvort tekið verður saursýni eða sýni með tauklútum. Sýnið er eingöngu tekið innanhúss.

Ef ætlað er að slátra hópnum má sýnið má ekki vera eldra en þriggja vikna við slátrun.

Saursýni

Tekin eru 60 fersk saursýni sem mynda eitt safnsýni sem er samtals minnst 150g. Saursýnin eru tekin vítt og breitt úr húsinu og þeim er safnað í nýjan hreinan plastpoka.

Sýni með tauklútum (sokkasýni)

Nota skal rakadrægt efni, t.d. þar til ætlaðir skóhlífar eða grisjuhólka, sem klipptir eru í u.þ.b. 50cm langa búta.

Sokkinn eða tauklúturinn er settur yfir hanskaklædda höndina. Sokkurinn er nuddaður yfir yfirborði mengað nýjum saur á sem flestum stöðum inn í húsinu. Sokkurinn er settur í nýjan hreinan plastpoka og merkt.

Frágangur

Merkja skal sýnið vel með rekjanleikanúmer fuglahóps og sýnatökudagsetningu.

Fyllta þarf nákvæmlega út rannsóknareyðublað og senda sýni ásamt rannsóknarbeiðni samdægurs á opinbera rannsóknarstofu. Sýni skal halda frá miklum hita eða sólskini.

Ef ekki er hægt að senda sýni samdægurs eða innan 24 klst. frá sýnatöku þarf að geyma það í kæli við 2-8°C. Athugið að sýni telst óhæft til rannsóknar ef það líða meira en 96 klst. frá sýnatöku og þar til sýni berst rannsóknarstofu.

Sýnatökubúnaður

- Hreinn plastpoki / ílát
- Einnota hanskar
- Grisjur / sokkar
- Tússpenni og límmiðar
- [Rannsóknareyðublað](#)
- Kassi til sendingar



Um rekjanleikanúmer

Númerið er samsett sem hér segir:

AAA-XX-YY-1-ZZ

- AAA: Einkennisnúmer framleiðandans (þriggja stafa númer), gefið út af Matvælastofnun.
- XX: Fæðingarár fuglahópsins (tveggja stafa númer)
- YY: Fæðingarvika fuglahópsins (tveggja stafa númer)
- 1: Klakhópur (yfirleitt „1“ í umfangslitlu framleiðslu, sem þýðir að 1 hópur var fenginn úr viðkomandi klaki) (ein stafa númer)
- ZZ: Húsnúmer. Framleiðandi með einu húsi notar húsnúmer 01 (tveggja stafa númer)

Þessar leiðbeiningar lýsa sýnatökum skv. reglugerð (EB) nr. 646/2007, innleidd með reglugerð nr. 1014/2011, með síðari breytingum.

Síðast uppfært: 26. september 2016